

Fimmtudaginn 20. mars 1997.

Nr. 140/1996.

Þorsteinn Þ. Jónsson

(Andri Árnason hrl.)

gegn

Hirti Sigurjónssyni

(Helgi Birgisson hrl.) og

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Hákon Árnason hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Vátrygging. Skaðabætur. Öroroka. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1996. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér in solidum 5.562.585 krónur í skaðabætur með tilteknum ársvöxtum frá 6. júní 1991 til 27. júní 1994 og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær dómkröfur hvor um sig aðallega, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara, að dómkröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hefur áfrýjandi höfðað mál þetta til greiðslu skaðabóta vegna slyss, sem hann varð fyrir 6. júní 1991 við losun á vörubifreið stefnda Hjartar Sigurjónssonar hjá húsi við Grenimel í Reykjavík. Hafði hinn síðarnefndi, sem er sjálfstæður atvinnubifreiðarstjóri, flutt þangað timbur og steypustyrktarjárn, sem áfrýjandi hugðist nota til að gera steypa girðingu við húsið. Bifreiðin var búin lyftikrana, sem fyrir var komið milli vörupalls og stýrishúss, og átti að nota hann til að færa þennan farm af pallinum niður á gangstétt við húsið. Krananum fylgdu tveir stoðfætur, og

hafði stefndi Hjörtur talið nægilegt að nota annan fótinn í þetta sinn. Stýrði hann verkinu frá vinstri hlið bifreiðarinnar, þar sem stjórnækjum kranans var fyrir komið. Áfrýjandi stóð hægra megin vörupallsins og átti að kippa trékubbum undan timburhlaða, sem lá þeim megin á pallinum, til að leggja undir hann á gangstéttinni. Rétti hann hægri hönd eftir einum kubbum, þegar timburhlaðinn lyftist frá pallinum. Tókst þá svo til, að vísifingur hans klemmdist að pallinum, svo að fremsti köggull skaddaðist. Aðila greinir ekki á um málsatvik að öðru en því, að áfrýjandi segir slaka hafa komið á hlassið og það fallið ofan á kubbin, sem hann hafi haldið um, en bifreiðarstjórinn kveður slysið hafa orðið við þá hreyfingu, sem á hlassið kom við átakið frá lyftitauginni, án þess að nokkuð væri á henni slakað.

Bifreiðin var af tegundinni Volvo F-7, tvöxla með tvöföldum afturhjólum, og skrásett sem vörubifreið til almennrar notkunar. Var eigin þyngd hennar talin rúm 8 tonn, en burðargeta rúm 12 tonn. Vörupalli hennar var hægt að halla á þrjá vegu með vökvalyftu, sem knúin var af aflvél bifreiðarinnar. Kraninn framan vörupallsins var með þrískiptum armi og vökvalyftibúnaði, sem einnig fékk afl frá vélinni. Var hans getið á bifreiðaskrá sem búnaðar með bifreiðinni. Um eiginleika kranans hafa ekki verið lagðar fram tæmandi upplýsingar, en ágreiningslaust má telja, að hann hafi einkum verið ætlaður til nota við fermingu og affermingu bifreiðarinnar sjálfrar og lyftigeta hans einkum við það miðuð. Fram er komið, að búnaður sem þessi hafi mjög rutt sér til rúms hin síðari ár, og sé hann að finna á miklum hluta þeirra atvinnubifreiða, sem hafðar eru til stykkjaflutninga.

Notkun lyftikranans að þessu sinni var og bundin við bifreiðina sjálfa, og aðgerðinni fylgdi engin sérstök áhætta umfram það, sem almennt gerist við losun farms af vörupalli. Við losunina var bifreiðin kyrrstæð, þannig, að aflvél hennar knúði ekki annað en kranann. Hins vegar var hún aðeins skorðuð af með einum stoðfæti.

Fyrir liggur, að meiðsl áfrýjanda hlutust af affermingu bifreiðarinnar. Í dómum réttarins, þar sem reynt hefur á gildissvið hinnar sérstöku bótaábyrgðarreglu um tjón af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja, hefur það verið lagt til grundvallar, að lestun og losun vörubifreiða sé þáttur í notkun þeirra. Eins og aðstæðum

var hér háttað, verður að telja, að bifreiðin hafi verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið, þegar slysið bar að höndum. Af því leiðir, að stefndi Hjörtur ber fébótaábyrgð á tjóni áfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. er þá greiðsluskyldur samkvæmt 1. mgr. 91. gr. laganna sem vátryggjandi bifreiðarinnar.

Áfrýjandi var sjálfur viðtakandi varningsins, sem fluttur var með bifreiðinni, og bar ábyrgð á því, hvernig staðið væri að móttöku á honum. Hann var vanur vinnu, þar sem lyftibúnaður var notaður, og mátti gera sér ljósa grein fyrir hættum, sem henni væru samfara. Hann mátti og vita, að bifreiðarstjórinn sæi ekki til handbragða hans. Engar líkur eru að því leiddar, að búnaði kranans eða umbúnaði við lyftingu á farminum hafi verið áfátt. Ósannað er gegn mót-mælum bifreiðarstjórans, að farminum hafi verið slakað niður, eftir að hífing var byrjuð, og áfrýjandi gat hæglega meiðst við aðgerðina, án þess að mistök við stjórn kranans kæmu til. Er mun líklegra, þegar alls er gætt, að áfrýjandi hafi sjálfur lagt sig í óþarfa hættu. Verði slysið þannig rakið til mistaka hans, sem meta megi honum til stórkostlegs gáleysis, eins og á stóð. Samkvæmt því er rétt að taka til greina þá kröfu stefndu, að bætur til áfrýjanda verði lækkaðar á grundvelli 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Er hæfilegt eftir öllum atvikum, að hann beri sjálfur helming af tjóni sínu, en stefndu bæti það að hálfu.

II.

Í slysinu hlaut áfrýjandi þau meiðsl á vísifingri hægri handar, að fremsti köggullinn kramdist þannig, að taka þurfti hann af í kjúkulið. Sigurður Thorlacius læknir mat örorku hans af meiðslunum 30. september 1993. Taldi hann tímabundna örorku nema 100% í fimm vikur og síðan 50% í eina viku, en varanlega örorku 10%. Í matinu er því lýst, að áfrýjandi hafi þráláta verki í fingurstúfnum, sem aukist við snertingu, við fingurbeygju og í kulda, og einnig sífellda dofatilfinningu í fingrinum. Eigi hann mjög erfitt um að beita hægri hendi við vinnu, en hann sé réttthentur. Komí það sér sérstaklega illa við störf hans á sjó.

Örorkumat læknisins var borið undir Læknaráð, meðan málið var fyrir héraðsdómi. Var héraðsdómara tilkynnt með bréfi landlæknis

4. apríl 1995, að ráðið féllist á niðurstöðu matsins. Verður það haft til hliðsjónar við ákvörðun bóta.

Áfrýjandi var 27 ára að aldri og hafði nýlokið öðru stigi skipstjórnarnáms við Stýrimannaskólann í Reykjavík, þegar hann varð fyrir slysinu. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur gert líkindareikning um vinnutekjutap hans af völdum fyrrgreindrar örorku. Er þar annars vegar miðað við rauntekjur áfrýjanda samkvæmt skattframtölum fyrir starfsárin 1987-1989, sem voru lægri síðari árin en hið fyrsta, en miðun við árið 1990 sleppt vegna skólagöngu hans. Tekjur þessar eru umreiknaðar til útreikningstíma í hlutfalli við breytingar á kauplagi verkafólks í landi. Hins vegar er miðað við vinnutekjur yfirmanna á fiskiskipum, sem tryggingafræðingurinn hefur áætlað eftir tilteknum aðferðum. Er þar meðal annars gert ráð fyrir, að vinnutekjur breytist til lækkunar, þegar yfirmaðurinn hafi náð 50 ára og síðan 60 ára aldri.

Útreikningur tryggingafræðingsins var fyrst gerður 10. janúar 1994 og síðan endurtekinn 12. júní 1995, og skírskotar áfrýjandi til hins síðari í kröfugerð sinni. Er höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi þar miðað við almenna sparisjóðsvexti fram til útreikningsdags, en síðan reiknað með 4,5% ársvöxtum til frambúðar.

Samkvæmt þeim reikningi tryggingafræðingsins, sem styðst við tekjur áfrýjanda fyrir slysið, teljast árlegar vinnutekjur nema 1.865.846 krónum frá og með árinu 1996. Verðmæti vinnutekjutaps vegna tímabundinnar örorku í 6 vikur reiknast 179.879 krónur, en tap vegna varanlegrar örorku 3.615.965 krónur. Verðmæti tapaðra lífeyrissjóðsréttinda telst 227.751 króna. Samkvæmt hinni aðferðinni, sem miðast við tekjur yfirmanna á fiskiskipum, teljast árlegar vinnutekjur frá og með sama ári 2.968.384 krónur. Bótakrafa áfrýjanda miðast við verðmæti vinnutekjutaps eftir þeirri áætlun, og sundurliðast krafan þannig í heild:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	286.169
Vegna varanlegrar örorku	–	5.752.638
Frádráttur vegna eingreiðslu, 15%	–	862.896
Vegna tapaðra lífeyrisréttinda	–	362.328
Samtals	kr.	5.538.239

Frádragnar greiðslur frá Tryggingastofnun kr.		275.654
Samtals vegna fjártjóns	kr.	5.262.585
Miskabætur	–	300.000
		<hr/>
Samtals	kr.	5.562.585
		<hr/>

Vegna slyssins hefur áfrýjandi fengið bætur úr lögbundinni slysa-tryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins, annars vegar dagpeninga fyrir tímabilið 14. júní – 14. júlí 1991, 28.997 krónur, en hins vegar eingreiðslu vegna varanlegrar örorku, 246.657 krónur. Samkvæmt upplýsingum í örorkumatí var hann frá störfum rúman mánuð eftir slysið, en byrjaði þá aftur í sömu vinnu. Í nóvember 1991 réðst hann til starfa á loðnuskipi, fyrst sem háseti, en síðan sem annar stýrimaður. Fram er og komið, að hann hafi að mestu unnið að sjómannsstörfum næstu þrjú árin. Þegar hann kom fyrir dóm til skýrslugjafar 5. janúar 1996, var hann án atvinnu og hafði fyrir nokkru þurft að hverfa frá sjómennsku vegna meins í baki, sem gerði hann ófæran til þeirra starfa. Hann kvaðst þó vonast til að komast aftur á sjó.

Þegar litið er til þessa ásamt því, að áfrýjandi slasaðist við bygg-ingarvinnu, þykir ekki rétt að einskorða mat á bótum fyrir orkutap hans við þau atvinnuréttindi, sem hann hafði aflað sér. Ber fremur að horfa til tekna hans fyrir slysið, en þær stafa að miklu leyti frá vinnu á sjó. Áfrýjandi hefur ekki gert skýra grein fyrir vinnutapi sínu vegna tímabundinnar örorku, en sýnt þykir, að hann hafi forfallast um sinn. Verður sá kröfuliður tekinn til greina með 100.000 krónum. Bætur fyrir vinnutekjutap vegna varanlegrar örorku þykja hæfilega ákveðnar 2.700.000 krónur, þegar litið hefur verið til um-getinna bóta frá Tryggingastofnun ríkisins ásamt hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi hennar. Krafa um bætur fyrir missi lífeyris-réttinda verður þá tekin til greina með 240.000 krónum. Miskabæt-ur vegna slyssins ákvarðast 150.000 krónur.

Samkvæmt þessu nemur bótaskyld tjón áfrýjanda samtals 3.190.000 krónum. Ber stefndu að greiða honum óskipt helming þeirrar fjárhæðar, 1.595.000 krónur, ásamt vöxtum, eins og tiltekið er í dómsorði, og er upphafstími dráttarvaxta þar miðaður við út-reikningstíma endanlegrar bótakröfu hans.

Stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Hjörtur Sigurjónsson og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði áfrýjanda, Þorsteini P. Jónssyni, óskipt 1.595.000 krónur, með ársvöxtum, sem nema 4,7% frá 6. júní 1991 til 1. júlí sama ár, 5,8% frá þeim degi til 1. september sama ár, 6,3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 5,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 2,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. febrúar 1993, 1,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 0,8% frá þeim degi til 1. september sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 0,5% frá þeim degi til 11. maí 1995 og 0,6% frá þeim degi til 12. júní sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 550.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Garðars Gíslasonar og
Péturs Kr. Hafstein

Samkvæmt skýrum tilgangi sérreglu umferðarlaga um hlutlæga ábyrgð verður að líta svo á, að eftir reglunni sé einungis skylt að

greiða bætur fyrir tjón, sem orsakast af notkun bifreiðar sem ökutækis. Þótt lestun og losun sé þáttur í venjulegri og eðlilegri notkun vörubifreiða, fer því fjarri, að bótareglan geti náð til hvers konar at-hafna af því tagi. Mörkin verður að draga við það, eins og gert hef-ur verið í skýrum fordæmum Hæstaréttar, að ekki reyni lengur á hættueiginleika ökutækisins, sbr. H. 1940, 370, H. 1962, 163, H. 1970, 1143, og H. 1996, 1547. Þegar bifreið verður undirstaða vinnuvélar, eins og fastskorðuð og óhreyfanleg undirstaða krana, verður hún hluti af þessari vinnuvél. Skiptir þá engu, hvort kraninn er tengdur við aflvél bifreiðarinnar eða er knúinn sérstakri vél.

Í því máli, sem hér er dæmt, stjórnáði ökumaðurinn krananum utan bifreiðarinnar, sem hafði verið skorðuð með stoðfæti. Verður ekki talið, að slysið verði rakið til hættueiginleika bifreiðarinnar sem ökutækis eða útbúnaðar hennar sem slíkrar. Enginn eðlismun-ur er á notkun kranans í þessu máli og þeirri notkun krana, sem fjallað var um í ofangreindum dómsmálum. Verður ekki annað séð en að slys þetta hefði allt eins getað gerst við vinnu með öðrum krana ótengdum bifreiðinni. Enga nauðsyn bar til þess, að ökumað-urinn fremur en einhver annar stjórnáði krananum. Hann var not-aður sem sjálfstæð vinnuvél, óháð venjulegri ökutækisnotkun, og slysið því vinnuslys í engum tengslum við notkun bifreiðarinnar sem ökutækis.

Með þetta og ótvíræð fordæmi Hæstaréttar í huga teljum við, að staðfesta beri héraðsdóm með vísan til forsendna hans að öðru leyti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. janúar 1997.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. janúar sl., er höfðað af Þorsteini P. Jóns-syni, Fossöldu 1, Hellu, með stefnu, birtri 24. og 27. júní 1994, á hendur Hirti Sigurjónssyni, Kleppsvégi 16, Reykjavík, og Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 6.000.000 kr. ásamt [nánaar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda Hjartar Sigurjónssonar eru þær aðallega, að stefndi Hjörtur verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. málskostnaðarreikningi. Til vara gerir

stefndi Hjörtur þær kröfur, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Dómkröfur stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. eru þær aðallega, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og því tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að stefnandi tók að sér sumarið 1991 að endurnýja steipta girðingu við Grenimel 53, Reykjavík, sem undirverktaki Ragnars V. Sigurðssonar.

Hinn 6. júní 1991 pantaði stefnandi timbur vegna þessa verks hjá Húsa-smiðjunni hf. Annaðist stefndi Hjörtur Sigurjónsson flutning timbursins til stefnanda með vörubifreið sinni, RX-691.

Þegar hífa átti timbrið af vörubifreiðinni, lagði stefndi Hjörtur til, að notaðir yrðu timburkubbar, sem hvíldu undir timbrinu á palli vörubifreiðarinnar, til að leggja undir það á gangstéttina, svo að unnt væri að losa stroffurnar utan af því. Bað hann stefnanda um að kippa kubbum undan timbrinu, þegar hann hefði híf í það, og leggja þá síðan undir timbrið á gangstéttina.

Krananum var stjórnað utan stjórnhúss bifreiðarinnar, og voru stjórnþæki hans vinstra megin á vörubifreiðinni, en timburbúntið mun hafa verið hægra megin á pallinum, og var stefnandi hægra megin við bifreiðina, þegar híf var.

Stefnandi kveðst hafa teygt sig undir timburbúntið, þegar hann taldi það vera komið í nægjanlega hæð, til að kippa kubbum undan. Í sömu andrá hafi komið slaki á búntið, svo að það féll niður á hægri hönd stefnanda. Hafi vísifingur hægri handar stefnanda kramist við það á milli timburkubbs og vörupalls með þeim afleiðingum, að taka hafi þurft af fremstu kjúku fingursins.

Sigurður Thorlacius læknir mat tímabundna örorku stefnanda vegna slyssins 100% í 5 vikur, en 50% í 1 viku og varanlega örorku 10%.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveðst einkum reisa kröfur sínar á reglum umferðarlaga um hlutlæga ábyrgð umráðamanna skráningarskyldra, vélknúinna ökutækja, en skv. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umfl. nr. 50/1988, beri stefndi ótvírátt hlutlæga ábyrgð á tjóni, sem hljótist af notkun vörubifreiðar hans.

Með hliðsjón af dómaframkvæmd verði að telja, að bifreið stefnda hafi verið í notkun í skilningi 88. gr. umfl., en umræddum krana hafi verið

stjórnað af aflvél vörubifreiðarinnar. Þannig verði að telja, að kraninn fylgi eðlilegum útbúnaði vörubifreiðarinnar til að ferma og afferma hana á venjulegan hátt. Hjóti tjón af hans völdum því að teljast afleiðing notkunar í merkingu nefndrar 88. gr.

Ökutæki stefnda Hjartar sé ábyrgðartryggt skv. 91. gr. umfl. hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Sé kröfu því beint að stefndu in solidum skv. 97. gr. umfl.

Stefnandi kveðst í öðru lagi reisa kröfur sínar á því, að stefndi Hjörtur hafi valdið sér tjóni með saknæmri háttsemi sinni við flutning timbursins, þar sem hann hafi ekki sýnt af sér þau vinnubrögð, er krefjast mátti af honum sem kunnáttumanni við fermingu og affermingu varnings af vörubíls-palli. Hafi hann þannig með háttsemi sinni sýnt af sér gáleysi, er varði bóta-skyldu.

Málsatvikalýsing stefnda Hjartar Sigurjónssonar.

Stefndi Hjörtur lýsir því, að í þann mund, sem kraninn strekkti á stroffunum og hreyfing kom á timburbúntið, hafi hann heyrt stefnanda hrópa, að hann hefði klemmt sig. Stefnandi hafi þegar hætt við að hífa og þegar farið til stefnanda og séð, að hann hafði meitt sig á fingri. Stefnandi hafi fengið íbúa að Grenimel 35 til að aka sér á slysavarðstofu. Stefnandi hafi síðan affermt bifreiðina og farið af staðnum. Hafi stefndi talið eins og aðrir, sem á staðnum voru, að meiðsl stefnanda væru smávægileg.

Stefndi kveðst ekki hafa heyrt af þessu máli að nýju fyrr en tveimur vikum síðar, föstudaginn 21. júní, er stefnandi kom á vinnustað hans ásamt öðrum manni og sagði honum, að hann hefði misst framan af fingri við slysið. Hafi hann spurt stefnda út í tryggingar bifreiðarinnar og sagst vera búinn að gefa lögreglu skýrslu um atvikið. Mánudaginn 24. sama mánaðar hafi stefndi farið á skrifstofu rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík og gefið þar skýrslu.

Með bréfi lögmans stefnanda, dagsettu 31. október 1991, sé stefnda tilkynnt, að hann megi eiga von á, að bótakröfu verði beint að honum, þar sem ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar RX-691, meðstefndi Vátryggingafélag Íslands, hafi hafnað bótaskyldu. Lögmáður stefnda (sic í grg.) hafi síðan beint kröfum að stefnda með bréfi, dagsettu 22. september 1993.

Málsástæður stefnda Hjartar Sigurjónssonar.

Stefndi Hjörtur kveður sýknukröfu sína byggjast á því, að slys það, sem stefnandi varð fyrir, verði ekki rakið til neinna atvika, sem leitt geti til ábyrgðar hans á grundvelli sakarreglunnar. Stefnandi hafi í alla staði farið rétt að miðað við aðstæður. Slysið megi eingöngu rekja til rangra og óvandaðra

vinnubragða stefnanda sjálfs og skorts á aðgát. Stefnandi hafi stungið hendi sinni undir farminn, áður en búið hafi verið að hífa hann af pallinum, og lagt sjálfan sig þannig í verulega hættu. Þegar lyftikraninn strekkti á stroffunum, hafi komið aðeins hreyfing á farminn, sem hafi verið nóg til að klemma stefnanda. Fullyrðing stefnanda um, að timburbúntið hafi fallið niður á bifreiðarpallinn og ofan á hægri hönd hans, sé röng.

— — —

Málsástæður stefnda Vátryggingafélags Íslands hf.

Stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. styður sýknukröfu sína því, að slys stefnanda falli utan gildissviðs 1. mgr. 88. gr. umfl. nr. 50/1987 og 91. gr. sömu laga, enda hafi það ekki hlotist af notkun bifreiðarinnar RX-691 í skilningi 88. gr. umfl., heldur af öðrum ástæðum, en þegar óhappið varð, hafi bifreiðin ekki verið í notkun sem ökutæki, heldur sem undirstaða undir hinn sérstaka hífikrana, sem hafði verið komið fyrir á bifreiðinni.

— — —

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Hin hlutlæga ábyrgðarreгла 88. gr. 1. nr. 50/1988 byggist á því, að tjón hafi hlotist af skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki í notkun.

Krani sá, sem notaður var á bifreið stefnda Hjartar, var aukabúnaður, sem settur var á bifreiðina til notkunar við fermingu og affermingu hennar. Hann gekk fyrir aflvél bifreiðarinnar og var stjórnad af tækjabúnaði, sem komið var fyrir utan við stýrishús bifreiðarinnar. Þegar slysið varð, var hann skorðaður niður á svokallaða fætur, þannig, að bifreiðinni varð ekki ekið, á meðan hann var þannig skorðaður. Þá er jafnframt ljóst, að vegna staðsetningar stjórnubúnaðar kranans gat bifreiðarstjórinn ekki ekið bifreiðinni, meðan hann stjórnaði krananum. Bifreiðin var þannig óhreyfanleg vinnuvél, þegar slysið varð, og notkun kranans stóð ekki í neinu sambandi við notkun bifreiðarinnar sem ökutækis. Skiptir í því samhengi ekki máli, hvort verið var að nota kranabúnaðinn við affermingu af bifreiðinni sjálfri eða við hífingu utan hennar. Fellur tjón stefnanda því utan ábyrgðartryggingar ökutækisins, sem stefndi Hjörtur keypti hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. skv. 91. gr. 1. nr. 50/1988. Þessi niðurstaða á jafnframt stöð í Hrd. 1970, 1173.

Stefnandi vísar í annan stað til þess, að stefndi Hjörtur hafi valdið tjóni stefnanda með saknæmri háttsemi sinni við affermingu timbursins.

Ósannað er, að stefndi Hjörtur hafi ekki sýnt eðlilega aðgát við stjórn kranans eða orðið á einhvern hátt með saknæmri háttsemi valdur að slysinu.

Fyrir liggur, að stefnandi, sem er stýrimaður að mennt, var vanur vinnu við hífingar með krönum, og kvaðst hann fyrir dómi þekkja vel til verka. Hann mátti því vita, að honum bar að sýna fulla varkárni, þegar hann dró kubbana undan timburbúntinu, ekki síst þegar litið er til þess, að honum mátti vera ljóst, að stefndi Hjörtur gat ekki séð til hans, þar sem hann var í hvarfi við timburhlaðann. Þá er ósannað, að kraninn eða stroffurnar hafi verið ófullnægjandi, svo sem stefnandi heldur fram.

Slysið gerðist á vinnustað stefnanda, sem starfaði sem sjálfstæður verk-taki. Er ekki fallist á, að verksambandi stefnanda og stefnda Hjartar hafi verið þannig háttað, að sú skylda verði lögð á stefnda Hjört að tilkynna um slysið skv. 81. gr. l. nr. 46/1980.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna báða stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda Hirti málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Hjörtur Sigurjónsson, Kleppsvegi 16, Reykjavík, og Vá-tryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Þorsteins Þ. Jónssonar, Fossöldu 1, Hellu, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Hirti Sigurjónssyni 200.000 kr. í máls-kostnað.

Málskostnaður að öðru leyti fellur niður.
